

ríkissjóðsins 421 rd. 3 sk. af því, sem þær jafnið niður fyrir 1872.
árið 1871. 12. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 12. febrúar, yfir Íslandi, um póstskepsferðir til Vestmannaeyja.

Með bréfi, dagsettu 19. júlím. f. á., hafði þær, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarsskrá, sem alþing 1871¹ hafði vísað til yfirvaldanna, og þar sem 25 Vestmannaeyingar hafa sókt um, að verði reynt til, sökum þess, hvað eyjarnar liggja afskekktar, að koma því til leiðar, að skipstjórnamanninum á hinu íslenska póstgufuskepi verði gjört að skyldu að koma þar við eyjarnar á öllum ferðum sínum til og frá Reykjavík, enda þótt það hefði nokkrar tafir í för með sér, svo framarlega sem skipinu þar við ekki væri nein hættu búin. Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifast á við fjárstjórnina útaf þessu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær birtu það, að tæð stjórnarráð eptir skýrslum þeim, sem hún hefir fengið um þetta efni, og sérílafi samkvæmt álitsskjali frá herskepsforingja Lütken, sem eptirrit fylgir af², sér sér eigi fært, að bjóða póstskepstjóranum, að koma optar við á Vestmannaeyjum, en honum hingað til hefir verið gjört að skyldu, sem er, að hann staldri við þær, þegar kringumstæðurnar leyfi það. Við sama tækifæri hefir fjárstjórnin ennfremur getið þess, að eigi var komið við á Vestmannaeyjum á fyrstu ferð póstgufuskepsins, með því ekki stóð svo á, að skipið bæri þar að á

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 220—221.

²) Í þessu álitsskjali er tilfært þrennt, sem gjörir það að verkum, að eigi sé hægt að koma við á Vestmannaeyjum á ákveðnum tímum; fyrst það, að eyjarnar liggja í opnu hafi, svo við geti boruð að eigi verði komið út í gufuskepið af landi; svo það, að veður geti verið svo dimmt, að skipstjóri verði að halda til hafs, og að endingu geti svo staðið á, að skipið beri að þegar rökku er á fallið; samt mætti að nokkru leyti bæta úr þessu með því, að setja vitljóska á hentugan stað, sem sæist í tveggja mílna fjarlægð, og skyldi vera kveikt á hverri nóttu, þangað til víst væri, að póstgufuskepið væri komið hjá.

1872.

12. febrúar.

björtum degi hvorki á leiðinni til Íslands eða þaðan aptur, en á hinum næstu fjórum ferðum 1871 var komið við á eyjunum, tvisvar í þoku og einusinni eptir að dimmt var orðið, og er þess jafnframt getið, að það flýti fyrir ferðinni, með því eyjarnar eru í beinni leið skipsins, að leggja þar að, þegar kringumstæðurnar leyfa það.

12. febrúar.

12. Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, sem skulu vera til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt; þar skulu og ungir menn eiga kost á að öðlast bæði þá verklegu og bóklegu menntun, sem nauðsyn er á, í þeim greinum, sem nefndar voru.

2. grein.

Dómsmálastjórnin skal gjöra hinar nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við amtmann þann, sem í hlut á. Þegar amtdaður býr til uppástungur þær um þetta efni, sem þörf er á, skal hann kveðja sér til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda.

3. grein.

Til þess að borga með kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun, má á ári hverju fyrst um sinn jafna niður á allar jarðir í hverju amti í mesta lagi $1\frac{1}{2}$ skilding á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók.